

Miðvikudaginn 1. október 1975.

Nr. 190/1974. Ólafur Steinþórsson

(Vilhjálmur Árnason hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Slys á fimleikaæfingu. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 1. nóvember 1974, en áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 5. s. m. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.283.746 krónur með 7% ársvöxtum frá 24. mars 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi hafði gjafsókn í héraði og hefur einnig fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með gjafsóknarleyfi 17. apríl 1974.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt menntamálaráðherra fyrir Hæstarétt til réttargæslu, en ekki gert sjálfstæðar kröfur á hendur honum.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjandi góður leikfimaður og hafði æft leikfímistökk það, sem hann tók, er hann slasaðist. Hefur ekki verið sýnt fram á með álitserð sérfróðra manna um fimleika, að Hermann Alfreð Nielsson íþróttakennari hafi látið undir höfuð leggjast að gæta venjulegra varúðarreglna, og þykir varhugavert að

meta honum til sakar, að hann var ekki sjálfur viðbúinn til aðstoðar við Magnús Viðar Friðbergsson, er tók á móti áfrýjanda í stökkinu, ef áfrýjanda kynni að fatast, eins og raun varð á. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og kemur þá eigi til álita, hvernig háttað var ábyrgð stefnda á störfum íþróttakennarans í umrætt sinn.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, sem ákveðin eru 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Vilhjálms Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. október 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 18. september sl., höfðaði Steinvör Magnússon, Hjartarstöðum, Eiðabínghá, Suður-Múlasýslu, vegna ófjárráða sonar síns, Ólafs Steinvörssonar, sama stað, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Íslands og menntamálaráðherra f. h. menntamálaráðuneytisins til réttargæslu.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir, að Ólafur Steinvörsson væri orðinn lögráða og hefði tekið við forræði málsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.004.135 auk 8% ársvaxta frá 24. mars 1969 til greiðsludags, útlagðan kostnað að fjárhæð kr. 21.455 og málskostnað að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. maí 1972, var stefnanda veitt gjafsóknarleyfi.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að honum verði til dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er gerð krafa

um stórlega lækun bótafjárhæðar og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, og ekki eru gerðar kröfur af hans hálfu.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Málið er höfðað til greiðslu skaðabóta vegna slyss, sem stefnandi varð fyrir á fimleikaæfingu í Eiðaskóla 24. mars 1969.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, Ólafur Steinþórsson, sem fæddur er 1. apríl 1953, var veturinn 1968—1969 við nám í Eiðaskóla.

Íþróttakennari skólans, Hermann Alfreð Níelsson, æfði sérstakan fimleikaflokk meðal pilta í skólanum. Fimleikaflokkur þessi æfði fyrir sýningu á hátíð 1. desember og svo aftur fyrir sýningu á árshátíð skólans 30. mars. Stefnandi æfði með fimleikaflokknunum frá upphafi og var að áliti íþróttakennarans annar af bestu fimleikamönnum skólans. Eftir 1. desember féllu niður æfingar, en eftir áramót byrjuðu þær aftur. Stefnandi hélt áfram æfingum eftir áramót og var einn áhugasamasti nemandinn í fimleikum að áliti kennarans, og hafði stefnandi ætlað sér að fara í Íþróttakennaraskólann. Fyrst eftir áramót, þá er æfingar hófust að nýju, voru æfingar á sunnudagsmorgnum, en þá mættu fáir, en stefnandi mætti alltaf, þegar æfingar voru. Þegar líða tók að árs-hátíð, voru æfingar iðulega á hverju kvöldi. Kvöldið 24. mars 1969 var flokkurinn að æfingu, og við eina æfinguna varð stefnandi fyrir slysi því, sem mál þetta er risið af.

Að beiðni Steinþórs Magnússonar, föður stefnanda, fór fram dómsrannsókn í sakadómi Suður-Múlasýslu á orsökum slyss þessa svo og um meðferð á hinum slasaða, tilkynningu um slysið til læknis og foreldra. Vegna dómsrannsóknar þessarar gáfu eftirtaldir aðiljar skýrslu fyrir sakadómi Suður-Múlasýslu: stefnandi, Ólafur Steinþórsson, faðir hans, Steinþór Magnússon, íþróttakennari Eiðaskóla, Hermann Alfreð Níelsson, skólastjóri Eiðaskóla, Þorkell Steinar Ellertsson, Jón Jóelsson, kennari í Eiðaskóla, og nemendurnir Emil Bjarkar Björnsson, Magnús Viðar Friðbergsson, Magnús Jóhannsson, Nikulás Róbertsson, Kristján Ásgrímsson, Pétur Valdimar Jónsson og Magnús Björnsson.

Þykir rétt að rekja nokkuð það, sem fram kom við yfirheyrslur þessar varðandi aðdraganda slyssins og slysið sjálft, en ekki þykir ástæða til að rekja úr framburðum varðandi meðferð á stefnanda eftir slysið, þar sem kröfur stefnanda eru ekki á því byggðar.

Að sögn íþróttakennarans var æfing sú, sem stefnandi slasaðist

við, í því fólgin, að leikfimikista var látin standa þvert á gólfi. Voru í kistunni sex skúffur. Kistan var 1 m að hæð. Stökkmegin kistunnar var sveigjanlegt stökkbretti ca 25—35 cm hátt frá gólfi, þar sem það er hæst. Piltar komu hlaupandi að stökkbrettinu, stukku jafnfætis á brettið, upp og fram, síðan í íhvolfri stillingu yfir kistuna án viðkomu við hana. Í íhvolfu stillingunni voru handleggir framréttir. Hinum megin kistunnar stóð piltur, er tók á móti þeim, er yfir sveif, þannig að sá, er sveif, beindi handleggjum og höndum að öxlum þess, er á móti tók, og fékk þar tak. Jafnframt greip sá, er á móti tók, með framréttum handleggjum og höndum undir og ofan við mið læri þess, er sveif, þannig að jafnvægi fékkst, og sá, er sveif, stöðvaðist. Réttara sé þó að segja, að sá, er sveif, hafi svifið í hálfboga, þannig að ferð hans var niður á við, rétt áður en á móti honum var tekið. Kennarinn segist sjálfur hafa margsýnt piltunum æfinguna og hafi hann lagt mikla áherslu á, að stökkið væri í hálfboga, en ekki lárétt, til þess að auðveldara væri að taka á móti þeim og til þess að þeir stöðvuðust örugglega. Eftir að tak beggja var öruggt og ferð stöðvuð, var æfingunni lokið, þannig að sá, er á var haldið og var nú í láréttri stillingu, fór með fætur sundur yfir höfuð þess, er á hélt, og kom síðan jafnfætis á dýnu, er var þeim megin kistunnar. Kennarinn sagðist í upphafi æfingar þessarar hafa staðið fyrir aftan þann, er á móti tók, og sagðist hann stundum hafa þurft að stöðva pilta, sem ekki tókst að stöðvast í stökkinu.

Á æfingu þeirri, er slysið varð, sagðist kennarinn ekki hafa staðið til móttöku, enda sagðist hann ekki hafa gert það undanfarnar æfingar, þar sem piltar hafi verið búnir að ná góðri leikni. Kennarinn sagðist hafa séð greinilega, þegar slysið varð. Nýlokið hafi verið annarri æfingu á kistunni, og sagðist kennarinn þá hafa staðið við kistuna. Síðan hafi hann gengið til baka ca 3 metra og staðið þar. Það hafi hann gert, til þess að fimleikamennirnir treystu ekki allt of mikið á nærveru hans. Stökk þetta hafi verið æft nokkur kvöld fyrir þessa æfingu, sem slysið varð á. Hafi komið fyrir, að fimleikamennirnir hafi stokkið, án þess að kennarinn hafi staðið við hlið móttökumanns. Kennarinn sagði, að í huga hans hafi verið í sambandi við þessa æfingu og að hann gekk frá, að fimleikamennirnir vendust því að stökkva þessa æfingu einir, enda hafi það verið meining sín að láta þá stökkva án nærveru hans á væntanlegri sýningu.

Þegar æfingin fór fram, hafi verið þar krakkar úr þjóðdansa-flokki skólans. Kennarinn minnti, að krakkarnir væru með ein-

hver læti, og sagðist muna, að hann hastaði á þá. En mikils sé um vert, að alger þögn sé í salnum, þegar vandasamar æfingar eru gerðar og yfirleitt allar æfingar. Fimleikamenn verði að geta einbeitt sér að æfingunum.

Kennarinn tók fram, að ekki sé útilokað, að hann hafi yrt á krakkana í þjóðdansaflokknum, um leið og hann gekk aftur á bak. En hann hafi haft augun á fimleikamönnum og hafi hann séð allt stökk stefnanda, bæði tilhlaupið og stökkið sjálf.

Æfingin hafi hafist með því, að fyrsti maður, Magnús Friðbergsson, stökk yfir kistuna af stökkbrettinu, jafnfætis og kom jafnfætis niður hinum megin kistunnar. Þá hafi Magnús snúið sér við til þess að taka á móti mönnum úr stökki. Stefnandi hafi tekið eðlilegt tilhlaup, hafi stökkið upp af stökkbrettinu, farið í heldur of lárétta stillingu og hafi því ferðin orðið of mikil áfram, og þegar hendur hans námu við axlir Magnúsar, hafi ferðin verið svo mikil, að handleggir hans gáfu eftir og Magnús hafi ekki náð taki á líkama hans, og hafi stefnandi svifið yfir Magnús, snúist í fallinu þannig, að hann kom á efri hluta baks eða axlir í gólfið með höfuð beygt undir sig og hafi fætur hans numið við gólf nær Magnúsi, síðan hafi hann fallið alveg á bakið og með fætur fram.

Kennarinn sagðist ekki hafa séð neitt athugavert við stökk stefnanda, fyrr en hann sá, að hann náði ekki taki á öxlum Magnúsar. Kennarinn sagðist strax hafa hlaupið til. Ekki hafi hann reynt að ná til stefnanda. Þetta hafi skeð á sekúndubrotum. Stefnandi hafi verið fallinn á dýnuna, þegar kennarinn kom að honum.

Kennarinn sagði, að eftir slysið hafi hann staðið við, þá er öll stökk voru gerð. Á sýningunni hafi hann staðið við hlið Magnúsar Friðbergssonar, þá er þetta stökk var farið. Í flest skipti hafi hann ekki þurft að aðstoða, en þó hafi hann gripið í handlegg einhverra, ef honum fannst ferð of mikil í stökkinu.

Fyrir dómi hefur stefnandi borið, að æfingar í fimleikaflokknum hafi hafist um haustið undir stjórn íþróttakennarans. Flokkurinn hafi sýnt á hátíð skólans 1. desember, einnig hafi flokkurinn sýnt á Egilsstöðum og á Fáskrúðsfirði. Eftir nýjár hafi æfingar hafist að nýju. Stefnandi sagði, að stökk það, sem hann slasaðist í, hafi verið búíð að æfa þó nokkurn tíma, sennilega a. m. k. tvær vikur áður en slysið varð. Ekki sagðist stefnandi hafa verið búinn að ná fullu valdi yfir stökkinu. Honum hafi fundist það heldur erfitt stökk og hann sjálfur ef til vill of þungur fyrir stökkið. Íþróttakennarinn hafi sýnt stökkið, þá er æfingar hófust á því. Kennarinn hafi oftast staðið við hlið móttökumanns

í stökkinu, þó ekki alltaf. Stundum hafi piltarnir í fimleikaflokknum verið einir á æfingu. Stefnandi sagðist í upphafi æfinganna hafa rætt um stökkið við íþróttakennarann og sagt honum, að honum fyndist stökkið erfitt, og taldi stefnandi, að piltunum í fimleikaflokknum hafi gengið erfiðlega að ná valdi á stökkinu. Stefnandi sagðist þó nokkrum sinnum hafa farið stökk þetta, án þess að íþróttakennarinn tæki á móti sér. Stefnandi sagðist alltaf hafa verið frekar „nervus“ fyrir þessu stökki.

Stefnandi lýsti stökkinu, sem slysið varð í, þannig, að þegar komið var að stökkinu yfir kistuna, hafi Magnús Friðbergsson stokkið fyrstur yfir kistuna, jafnfætis, snúið þar við til þess að taka á móti stefnanda, sem var fyrstur í röðinni til þess að fara stökkið. Íþróttakennarinn hafi staðið um það bil þrjá metra frá Magnúsi Friðbergssyni, og minnti stefnanda, að kennarinn hafi verið að ræða við einhverja pilta og hafi hálfsnúið baki í stefnanda. Stefnandi sagðist hafa gefið Magnúsi Friðbergssyni merki um, að hann væri tilbúinn, og hafi honum skilist af Magnúsi, að hann væri og tilbúinn. Þeir hafi ýmist gefið merki með bendingu eða höfuðbeygingu eða með beinum orðum. Ekki sagðist hann muna ljóst, hver háttur hafi verið hafður á í þetta skipti.

Stökkið hafi í þetta sinn verið í lok æfingar. Hann hafi verið orðinn þreyttur. Hann hafi lagt of mikinn kraft í stökkið, hraðinn hafi því orðið of mikill. Hann hafi auk þess stokkið heldur of hátt. Hann hafi ekki náð taki á öxlum Magnúsar Friðbergssonar, en Magnús hafi náð einhverju taki á lærum hans. Stefnandi sagðist hafa snúist í loftinu og hafi hann komið á herðar niður, sambrotinn með fætur að kistunni. Hann hafi ekki misst meðvitund. Hann hafi fallið á hliðina og misst andann og hafi hann komið í krampasogum, og taldi stefnandi, að hann hafi verið upp undir háltíma að jafna sig með andardráttinn. Hann hafi fundið ónot í öllu bakinu.

Íþróttakennarinn hafi komið strax að stefnanda, er hann féll. Skólastjórinn hafi komið þarna mjög fljótlega og hafi hann sagt, að ekki mætti hreyfa stefnanda og hann skyldi ekki hreyfa sig. Teppi hafi verið sótt og hafi því verið komið undir hann, án þess að hann væri hreyfður að ráði. Svo hafi hann verið borinn upp í herbergi sitt og látinn þar í rúmið. Ekki hafi hann orðið fyrir miklu hnjaski á leiðinni upp, en þó nokkru. Heldur hafi það verið óþægilegt, þegar hann var látinn í rúmið, en þá hafi hann verið farinn að finna töluvert til á ákveðnum stað á miðju baki um það bil.

Porkell Steinar Ellertsson skólastjóri hefur skýrt svo frá, að meðal nemenda í Alþýðuskólanum á Eiðum sé skólafélag skipað nemendum. Stjórn þessa félags geri tillögur til skólastjóra um tilhögun á árshátíðum og skemmtunum skólans. Svo athugi skólastjóri tillögurnar og hafi hann síðan fundi með stjórn skólafélagsins. Í tillögum skólafélagsstjórnar hafi verið bæði í haust svo og eftir nýjár tillaga um fimleikasýningu. Það sé hefð við skólann að hafa fimleikasýningu á árshátíðum og ýmsum skemmtunum. Síðan hafi stjórn skólafélagsins haft samband við íþróttakennarann um væntanlega fimleikasýningu, sem í þessu tilfelli átti að vera á árshátíð skólans. Íþróttakennarinn hafi svo valið til æfinga og sýninga ákveðna pílta. Leyfi hafi verið veitt til æfinga á kvöldin og á sunnudögum.

Kvöldið 24. mars hafi skólastjórinn verið staddur í forstofu í húsinu. Þá hafi komið tveir piltar og tjáð skólastjóranum, að óhapp hafi orðið í leikfimisalnum. Þegar skólastjórinn kom í leikfimisalinn, sá hann, hvar Ólafur lá þar á leikfimidýnu, og leikfimikennarinn stumraði yfir honum.

Skólastjórinn hafi spurt um, hvað borið hefði við. Íþróttakennarinn hafi svo lýst því fyrir honum. Ólafur hafi verið að gera ákveðið stökk, mistekist, sveiflast yfir sig og fallið á bak eða axlir. Ólafur hafi átt erfitt með andardrátt og hafi hann kvartað yfir verk í baki.

Vitnin Emil Bjarkar Björnsson, Magnús Viðar Friðbergsson, Nikulás Róbertsson og Kristján Ásgrímsson hafa lýst æfingu þeirri, sem stefnandi slasaðist við, mjög á svipaðan hátt og íþróttakennarinn.

Vitnið Emil Bjarkar bar, að íþróttakennarinn hafi alltaf staðið við hlið þess, er á móti tók, og gripið um hægri handlegg þess, er sveif, um leið og hann lenti með handleggi og hendur á öxlum þess, er á móti tók. Íþróttakennarinn hafi sagt þeim fimleikamönnum að stökkva ekki, nema hann væri til þess að aðstoða. Þegar stefnandi stökk og slasaðist, hafi íþróttakennarinn ekki staðið við hlið þess, er á móti tók. Minnti Emil, að íþróttakennarinn hafi staðið upp við sviðið í þeim enda salarins, er stokkið var til. Emil taldi, að stefnandi hafi stokkið of hátt. Sá, er á móti tók, hafi ekki náð öruggu taki á stefnanda og stefnandi hafi rétt komið við axlir Magnúsar. Stefnandi hafi hálfsnúist í fallinu og komið niður á dýnuna á herðar, samanbrotinn með höfuð undir sér. Hafi hann svo oltið til hliðar. Stefnandi hafi sennilega misst andann, því hann hafi legið í hnipri og beygt sig

saman. Stefnandi hafi rekið upp óp, um leið og hann féll. Emil sagði stefnanda vera góðan fimleikamann.

Vitnið Magnús Viðar bar, að íþróttakennarinn hafi alltaf staðið við hlið Magnúsar, en hann hafði það hlutverk að taka á móti svifmönnum. Þetta umrædda kvöld hafi komið krakkar úr þjóðdansaflöknum, og þegar ein umferð var búin í stökkinu, hafi íþróttakennarinn farið frá og að sviðinu í salnum og rætt þar við þjóðdansarana. Stefnandi hafi kallað til vitnisins, að hann ætlaði að stökkva, en vitnið sagðist hafa beðið stefnanda að bíða eftir leikfimikennaranum, en stefnandi hafi sagst ætla að stökkva og hafi stokkið. Stökkið hafi algerlega misheppnast. Það hafi verið allt of hátt og ferðin of mikil. Ekki hafi Ólafur náð taki á öxlum vitnisins, rétt aðeins komið við þær. Vitnið hafi engu taki náð á lærum Ólafs, rétt komið við þau. Vitnið sagðist ekki hafa séð, hvernig stefnandi kom niður, en sagðist hafa heyrt óp, og þegar hann leit við, sá hann stefnanda liggja á dýnunni, og virtist hann ekki ná andanum.

Vitnið Nikulás bar, að stökk það, sem stefnandi slasaðist í, hafi ekki verið búíð að æfa lengi. Minnti vitnið, að byrjað hafi verið að æfa það kvöldið áður. Ekki minntist vitnið þess, að íþróttakennarinn hafi brýnt fyrir þeim, að stökkið væri hættulegt. Íþróttakennarinn hafi brýnt það fyrir þeim leikfimimönnum að fara ekki stökkið, nema hann stæði við hlið þess, er á móti tók, til aðstoðar, ef með þyrfti. Þegar stefnandi stökk og slasaðist, þá hafi íþróttakennarinn eitthvað snúið sér frá til þess að tala eitthvað við krakkana í þjóðdansaflöknum. Stökk stefnanda hafi misheppnast. Ferðin hafi verið of mikil og hann hafi orðið of láréttur í svifinu. Ekki hafi stefnandi náð taki á öxlum Magnúsar Friðbergssonar, en hann tók á móti. Ekki hafi Magnús náð öruggu taki á lærum stefnanda, þannig að hann gæti stöðvað hann. Ferðin hafi verið það mikil. Stefnandi hafi fallið aftur fyrir Magnús, samanbrotinn á herðar, svo hafi hann fallið á hliðina. Skólastjóri hafi þegar verið sóttur og teppi til þess að bera stefnanda í. Stefnandi hafi ekki náð andanum fyrst. Hafi hann stunið og sagst geta gengið sjálfur.

Vitnið Kristján bar, að ekki hafi verið búíð að æfa stökkið nema stutt, þá er stefnandi slasaðist, ef til vill tvisvar eða þrisvar, þó vildi vitnið ekki fullyrða hve oft. Íþróttakennarinn hafi alltaf staðið við hlið Magnúsar Friðbergssonar, en hann tók á móti. Íþróttakennarinn hafi aðstoðað, þegar mistök urðu. Íþróttakennarinn hafi verið búinn að sýna þeim stökkið a. m. k. tvisvar. Ekki

minntist vitnið þess, að íþróttakennarinn hafi brýnt það fyrir þeim fimleikamönnum að fara ekki stökkið, nema hann stæði við hlið Magnúsar Friðbergssonar, aftur á móti hafi íþróttakennarinn sagt, að stökkið væri hættulegt, ef það væri ekki rétt gert. Þegar þessi æfing fór fram, hafi verið þarna á sviðinu í salnum krakkar úr þjóðdansaflokki skólans. Íþróttakennarinn hafi snúið sér við og verið að hasta á krakkana, en í því hafi stefnandi stökkið. Vitnið taldi stefnanda hafa stökkið of hátt og of hratt. Hann hafi ekki haft handleggi framteygða, heldur bogna. Hafi hann því ekki náð taki á öxlum Magnúsar og Magnús aðeins getað náð til stefnanda, en engu taki. Íþróttakennarinn hafi snúið sér við í sömu andrúnni og reynt að stöðva stefnanda í fallinu, en ekki náð nema lausu taki á honum og ekki getað stöðvað hann. Ekki sagðist vitnið hafa séð, hvernig stefnandi féll.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að ástæða fyrir slysinu hafi verið gáleysi leikfimikennarans. Leikfimikennarinn hafi verið starfsmaður ríkisins, en ríkisvaldið beri fébótaábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna.

Leikfimi sé skyldunámsgrein, leikfimikennarar ákveða, hvaða æfingar nemendur leggi stund á, og beri því ríkisvaldinu að bæta það tjón, sem fimleikar í skólum hafi í för með sér.

Í þessu tilviki hafi stefnandi verið að æfa erfitt stökk, sem hafði verið æft stuttan tíma. Leikfimikennarinn hafi fært sig viljandi frá þeim nemandanum, sem átti að taka á móti stefnanda. Það hafi verið gáleysi hjá leikfimikennaranum að standa ekki hjá þeim, sem á móti tók. Enda hafi leikfimikennarinn alltaf staðið hjá þeim, sem á móti tók, eftir slysið.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ekki skipti máli, að slysið varð utan leikfimitíma samkvæmt stundaskrá. Það sé venja í skólum landsins að halda leikfimisýningar, og fari þær fram í skólanum og á vegum skólanna. Stefnandi hafi verið í heimavistarskóla og æfingar fimleikaflokksins fyrir sýningu á árs hátíð skólans einungis liður í skólastarfinu.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

Örorkutjón:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 34.823	
Vegna varanlegrar örorku	— 669.312	
		kr. 704.135
Miskabætur	— 300.000	
		Kr. 1.004.135

Af hálfu stefnda er sýknukrafan rökstudd með því, að skilyrði til bótaábyrgðar séu ekki fyrir hendi.

Slysið hafi orðið fyrir eigin vangá stefnanda og óheppni, en ekki fyrir gáleysi leikfimikennarans. Í því sambandi er tekið fram, að stefnandi hafi þótt mjög efnilegur fimleikamaður og hafi leikfimikennarinn sagt, að stefnandi hafi verið „annar af bestu fimleikamönnum skólans“. Það sé því ljóst, að hér hafi ekki verið á ferðinni klaufi, sem att var út í erfiðar æfingar, án þess að hann hefði hæfileika til þess, heldur hafi hér verið á ferðinni leikinn fimleikamaður, sem hafi lagt sig sérstaklega fram um að ná sem mestri leikni. Fimleikum fylgi alltaf nokkur áhætta. Sú áhætta eigi að vera hverjum meðalgreindum manni ljós, enda liggi hún í hlutarins eðli. Leikfimikennarinn hafi skýrt svo frá, að hann hafi margsýnt fimleikamönnunum, hvernig fara ætti umrætt stökk, og lagt mikla áherslu á, að stökkið væri í hálfboga, en ekki lárétt, til þess að auðveldara væri að taka á móti þeim og til þess að þeir stöðvuðust örugglega. Það komi fram í vitnaframburði, að leikfimikennarinn hafi brýnt það fyrir fimleikamönnum að fara ekki stökkið, nema hann stæði við hlið þess, er á móti tæki, til aðstoðar, ef með þyrfti. Sé þetta rétt, sé augljóst, að stefnandi hafi óhlýðnast fyrirmælum leikfimikennarans og hafi því hlotið að fara stökkið á eigin áhættu. Af þessu sé augljóst, að ekki sé um að ræða neitt gáleysi starfsmanns stefnda, sem hægt sé að byggja bótaskyldu á.

En enda þótt leikfimikennarinn væri talinn eiga einhverja sök á slysinu, þá beri stefndi ekki ábyrgð á því, þar eð æfingar þær, er stefnandi slasaðist við, voru algerlega utan stundaskrár og ekki liður í kennslustörfum skólans, heldur einkaæfingar valdra fimleikamanna, sem þjálfuðu sig sérstaklega til sýninga með aðstoð kennara utan skyldustarfa. Kennarinn hafi æft nemendur í frítíma sínum og án þess að fá greiðslu fyrir þetta starf sitt. Skilyrði fyrir húsbóndaábyrgð sé, að skaðaverk sé unnið í vinnutíma og sé hluti af starfskyldum starfsmanns.

Sá, sem taki þátt í fimleikum, taki sjálfur á sig áhættu. Næstum 16 ára piltur eigi sjálfur að gera sér grein fyrir áhættunni við fimleika.

Eins og rakið hefur verið, æfðu nokkrir nemendur í Eiðaskóla veturinn 1968—69 fimleika til sýninga á skemmtunum skólans. Þessar æfingar voru haldnar í samráði við stjórn skólafélagsins og með samþykki skólastjóra, sem veitti leyfi til æfinga á kvöldin og sunnudagsmorgnum. Íþróttakennari skólans stjórnaði æfingum

þessum utan reglulegs vinnutíma og án þess að taka sérstaka greiðslu fyrir. Það þyki þó ekki skipta máli varðandi bótaábyrgð stefnda, að íþróttakennarinn fékk ekki greiðslu fyrir þetta starf sitt, þar sem það verður að telja það, að stjórna æfingum fimleikamanna þessara, enda þótt það væri gert utan reglulegs vinnutíma kennarans, í svo nánum tengslum við starfsskyldur íþróttakennarans almennt, að þar verði ekki á milli greint.

Ekkert er fram komið um það, að stefnandi hafi af skólans hálfu verið hvattur til þess að taka þátt í æfingum þessum. Þarna virðist hafa verið um æfingar áhugamanna að ræða, og eftir því, sem fram er komið, hefur stefnandi verið góður fimleikamaður, mjög áhugasamur um fimleika og alltaf mætt á æfingum.

Samkvæmt framburði stefnanda var búið að æfa stökk það, sem hann slasaðist við, í sennilega a. m. k. tvær vikur, áður en slysið varð, og hafði stefnandi þó nokkrum sinnum farið stökk þetta, án þess að íþróttakennarinn tæki á móti. Stefnandi hafi verið orðinn þreyttur, þá er hann stökk stökk það, sem hann slasaðist í, en það hafi verið í lok æfingar. Stefnanda var ljóst, að íþróttakennarinn stóð í um það bil þriggja metra fjarlægð frá þeim, sem á móti tók. Virðist stefnandi sjálfur hafa tekið ákvörðun um að stökkva þrátt fyrir þreytu og það, að íþróttakennarinn var ekki við hlið móttökumanns, a. m. k. er ekkert fram komið um, að fimleikamennirnir hafi verið þvingaðir eða þeim att til þess að gera æfingar, sem þeir ekki treystu sér til.

Íþróttakennarinn bar, að hann hafi með vilja ekki staðið hjá þeim fimleikamanninum, sem tók á móti stökkmönnunum, og hafi hann gert það til þess að þeir treystu ekki of mikið á nærveru hans. Þegar til þess er litið, að þarna var um valda fimleikamenn að ræða, sem æfðu sig fyrir sýningu kvöld eftir kvöld og höfðu æft þá æfingu, sem slysið varð við, í a. m. k. tvær vikur, þá þykir það, að íþróttakennarinn færði sig frá þeim fimleikamanninum, sem tók á móti stökkmönnunum, ekki aðfinnsluvert, og þykir því slysið ekki verða rakið til gáleysis íþróttakennarans. Enda er það svo, að íþróttum fylgir alltaf nokkur áhætta, sem þeir, er leggja stund á íþróttir af frjálsum vilja, hljóta að taka.

Af því, sem fram er komið, þykja ekki efni til að sakast við neinn um slys þetta, hvorki íþróttakennara Eiðaskóla né stefnanda sjálfan. Verður slysið eigi til annars rakið en hreinnar slysni. Að svo vöxnu máli eru ekki skilyrði til að leggja á stefnda fé-

bótaábyrgð á slysinu og tjóni stefnanda af þess völdum. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Málskostnaður stefnanda, kr. 64.480, greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður, kr. 50.000 í málflutningslaun.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs Steinþórssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður. Málskostnaður stefnanda, kr. 64.480, greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður, kr. 50.000 í málflutningslaun.

Þriðjudaginn 7. október 1975.

Nr. 182/1973. **Stefán Ólafsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Samvinnutryggingum g/t

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómaramirnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Bifreiðar. Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 17. desember 1973. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 213.587 krónur með 8% ársvöxtum frá 14. júní 1971 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.